

**Reglur um skoðun innri
öryggisstjórnunar rafverktaka**

Inngangur

Brunamálastofnun setur reglur um skoðun innri öryggisstjórnunar rafverktaka samkvæmt ákvæðum reglugerðar um raforkuvirki nr. 678/2009.

Skoðunarreglurnar eru settar samkvæmt viðurkenndum gæðakröfum og til að gæta jafnræðis í skoðunum og úttektum. Reglur þessar eru meginreglur. Þær verða í stöðugri endurskoðun m.a. í ljósi fenginnar reynslu.

Jóhann Ólafsson
Sviðsstjóri rafmagnsöryggissviðs

Efnisyfirlit

Fyrimæli til rafverktaka	4
Skjalavistun rafverktaka	6
Skráning rafverktaka	8
Tæki og búnaður rafverktaka	9
Verkskráning rafverktaka	11

Fyrirmæli til rafverktaka

Tilgangur og umfang

Að tryggja að rafverktaki hafi yfir að ráða öllum opinberum fyrirmælum er varða öryggisstjórnun hans í samræmi við reglugerð um raforkuvirki (rur), þ.m.t.:

- Reglugerð um raforkuvirki (rur),
- verklagsreglur og verklýsingar Brunamálastofnunar fyrir rafverktaka,
- reglur um skoðun neysluveitna (B- og CB-löggildingarhafar),
- reglur um skoðun háspennuvirkja (A- og CA-löggildingarhafar),
- reglur um skoðun háspennuoftlína (A- og CA-löggildingarhafar),
- reglur um skoðun innri öryggisstjórnunar rafverktaka og
- bréf og fyrirmæli Brunamálastofnunar.

Ofangreind fyrirmæli eru sett til að tryggja að gerð, frágangur og meðferð raforkuvirkja fullnægi gildandi lögum og reglum.

Lýsing

Reglugerð um raforkuvirki (rur):

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða gildandi reglugerð, þ.m.t. þeim breytingum sem hafa orðið á henni, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Verklagsreglur og verklýsingar Brunamálastofnunar fyrir rafverktaka:

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða verklagsreglum og verklýsingum sem í gildi eru á hverjum tíma, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Reglur um skoðun neysluveitna/háspennuvirkja/háspennuoftlína:

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða gildandi reglum um skoðun raforkuvirkja sem í gildi eru á hverjum tíma, eftir því sem við á, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Reglur um skoðun innri öryggisstjórnunar rafverktaka:

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða gildandi reglum um skoðun innri öryggisstjórnunar rafverktaka sem í gildi eru á hverjum tíma, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Bréf og fyrirmæli Brunamálastofnunar:

Rafverktaki skal vista öll skrifleg samskipti við Brunamálastofnun um fagleg málefni, svo sem túlkanir, fyrirmæli og leiðbeiningar stofnunarinnar, sjá grein 5 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Tilvísanir

- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka, gr. 5 og 7.

Skjalavistun rafverktaka

Tilgangur og umfang

Að skoða hvort vistun gagna rafverktaka sé í samræmi við reglugerð um raforkuvirki (rur) með tilliti til:

- Vottorða og skjala vegna löggildingar,
- vottorðs Vinnueftirlitsins,
- tæknilegra upplýsinga um tæki og búnað,
- vistunar gagna um staðgengil og
- vistunar gagna með verkum.

Rafverktaki skal vista öll gögn er varða starfsemi hans.

Lýsing

Vottorð og skjöl vegna löggildingar:

Rafverktaki skal vista og hafa aðgengileg öll vottorð og skjöl varðandi löggildingu sína, s.s. löggildingarskjal og umsókn um löggildingu ásamt fylgigögnum, sjá grein 5 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10. Þegar rafverktaki hefur starfsemi skal hann hafa vistað þau gögn sem þegar eru til.

Vottorð Vinnueftirlitsins:

Rafverktaki skal vista og hafa aðgengilegt vottorð frá Vinnueftirlitinu til staðfestingar á að skráð vinnuaðstaða hans uppfylli ákvæði um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sjá grein 8.3 í rur og verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 7. Vottorðið skal alltaf vera gilt, hafi t.d. orðið breytingar á starfsaðstöðunni eftir að vottorðið var gefið út þarf að endurnýja það.

Tæknilegar upplýsingar um tæki og búnað:

Rafverktaki skal vista og hafa aðgengilegar tæknilegar upplýsingar framleiðanda um tæki sín og búnað, sjá greinar 5 og 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Vistun gagna um staðgengil:

Hafi rafverktaki verið eða þurfi að vera fjarverandi, þannig að hann geti ekki uppfyllt þjónustuskyldur sínar, skal afrit af tilkynningu um staðgengil eða tilvísun á annan rafverktaka, sem undirrituð er af báðum aðilum, vera vistuð á aðgengilegan hátt, sjá greinar 5 og 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Vistun gagna með verkum:

Rafverktaki skal vista afrit af öllum tilkynningum sem notaðar eru í samskiptum við rafveitur, afrit af tilkynningu um rafverktakaskipti, teikningar, yfirferð rafverktaka á eigin verkum, skoðunarskýrslur frá skoðunarstofum ásamt gögnum um úrbætur á

athugasemdom sem þar kunna að hafa komið fram og önnur gögn varðandi verk hans. Gögnum sem varða verk rafverktakans er ráðað eftir verknúmeri eða annan augljósan hátt og þau geymd í a.m.k. 4 ár eftir verklök, en önnur skjöl eru geymd eftir gildistíma þeirra og öðrum aðstæðum, sjá grein 5 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10. Þegar rafverktaki hefur starfsemi skal hann sýna fram á hvernig hann hyggst vista gögn vegna verka.

Tilvísanir

- Grein 8.3 í rur.
- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka, gr. 5, 7 og 8.

Skráning rafverktaka

Tilgangur og umfang

Að skoða hvort upplýsingar í rafverktakaskrá séu réttar og símsvörun fullnægjandi og tryggja með því að rafverktakar uppfylli þjónustuskyldur sínar hvað það varðar, í samræmi við reglugerð um raforkuvirki (rur) með tilliti til:

- Skráningar á heimilisföngum rafverktaka og starfsaðstöðu,
- skráningar fyrirtækis,
- skráningar síma og netfangs og
- símsvörunar.

Starfsaðstaða rafverktaka og fyrirtæki skal vera skráð í rafverktakaskrá Brunamálastofnunar fyrirtæki hans í fyrirtækjaskrá.

Rafverktaki skal tilkynna Brunamálastofnun um allar breytingar sem verða á skráningu í rafverktakaskrá, sjá grein 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Lýsing

Skráning á heimilisföngum rafverktaka og starfsaðstöðu:

Samræmi skal vera á milli skráningar í rafverktakaskrá og raunverulegs heimilisfangs rafverktaka og starfsaðstöðu hans, sjá grein 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Skráning fyrirtækis:

Fyrirtæki rafverktaka skal skráð í rafverktakaskrá og í fyrirtækjaskrá, sjá grein 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Skráning síma og netfangs:

Símanúmer rafverktaka skal skráð í rafverktakaskrá, sjá grein 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10. Númerið getur hvort heldur verið heimilissími rafverktaka, vinnusími, farsími eða boðtæki. Netfang skal einnig vera rétt skráð.

Símsvörun:

Hægt skal vera að ná í rafverktaka eða koma til hans skilaboðum með einni upphringingu að jafnaði, á dagvinnutíma. Til þess er m.a. hægt að nota símsvara, símboða eða farsíma, sjá grein 8 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Tilvísanir

- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka, gr. 8.

Tæki og búnaður rafverktaka

Tilgangur og umfang

Að tryggja skoðun tækja og búnaðar rafverktaka í samræmi við reglugerð um raforkuvirki (rur) með tilliti til:

- Tækja og búnaðar sem rafverktaka ber að eiga,
- gerðar,
- ásigkomulags og
- persónuhlífa háspennurafverktaka.

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða tækjum og búnaði sem hann þarfnast vegna starfsemi sinnar.

Lýsing

Tæki og búnaður sem rafverktaka ber að eiga:

Rafverktaka ber að eiga tæki og búnað sbr. upptalningu í grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Gerð:

Tæki og búnaður rafverktaka skal a.m.k. uppfylla kröfur um nákvæmni og gæði sem fram koma í grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Ásigkomulag:

Tækjum og búnaði skal vera vel viðhaldið og í góðu ásigkomulagi, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Persónuhlífar háspennurafverktaka:

Rafverktaki skal hafa yfir að ráða nægilegum fjölda persónuhlífa, með tilliti til starfsemi og fjölda starfsmanna. Þær skulu vera af vandaðri gerð, vel við haldið og þess gætt að þær séu í góðu ásigkomulagi, m.a. skal huga að endurnýjun í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, sjá grein 7 í verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10.

Tilvísanir

- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka, gr. 7.

Verkskráning rafverktaka

Tilgangur og umfang

Að tryggja að verkskráning rafverktaka sé í samræmi við reglugerð um raforkuvirki (rur) með tilliti til:

- Verkskrár nýs rafverktaka,
- verkskrár starfandi rafverktaka,
- vistunar,
- rekjanleika og
- aðgengis.

Rafverktaki skal halda skrá yfir öll þau verk sem unnin eru á hans ábyrgð.

Verkskráning er einn þáttur í öryggisstjórnun rafverktaka.

Lýsing

Verkskrá nýs rafverktaka:

Nýr rafverktaki skal sýna fram á hvernig hann hyggst standa að verkskráningu (tilbúið til notkunar), sjá verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 5.

Verkskrá starfandi rafverktaka:

Rafverktaki skal halda skrá yfir öll verk sem unnin eru á hans ábyrgð. Í skránni skal t.d. koma fram hvort verk séu tilkynningarskyld eða ekki. Öllum verkum skal gefa verknúmer eða auðkenna þau á annan augljósan hátt, sjá verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 5.

Vistun:

Rafverktaki skal halda skrá yfir öll verk sem unnin eru á hans vegum. Þessi skrá skal a.m.k. ná yfir teikningar, skýrslur um yfirferð rafverktaka og úttekt skoðunarstofu, auk annarra gagna sem Brunamálastofnun kann að fara fram á. Rafverktaki skal einnig halda til haga öllum tæknilegum upplýsingum um tæki sín og búnað, sjá verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 5.

Rekjanleiki:

Í verkskráningu skal vera hægt að skoða hver staða einstakra verka er eða hvenær og hvernig þeim var lokið. Hægt skal vera að sækja öll gögn í skjalavistun fyrir hvert

einstakt verk eftir verknúmeri eða á annan augljósan hátt, sjá verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 5.

Aðgengi:

Skipulag skjalavistunar skal vera þannig að auðvelt sé að nálgast gögn úr skránni, sjá verklagsreglu Brunamálastofnunar VLR 10, gr. 5.

Tilvísanir

- VLR 10, Öryggisstjórnun rafverktaka, gr. 5.